

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur og Steingríms J. Sigfússonar um fjölda og orsakir umferðarslysa á Reykjanesbraut.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er heildarfjöldi slysa og umferðaróhappa á Reykjanesbraut frá því brautin var tekin í notkun, sundurgreint eftir árum:*
 - a. *innan höfuðborgarsvæðis að Krýsuvíkurvegi,*
 - b. *frá Krýsuvíkurvegi til Keflavíkur?*
2. *Í hversu mörgum tilfellum hafa orðið meiðsl á fólki, sundurgreint eftir árum:*
 - a. *alvarleg meiðsl,*
 - b. *minna alvarleg meiðsl,*
 - c. *dauðsföll,*
og hver hefur bílbeltanotkun verið í hverju tilfelli?
3. *Hefur farið fram greining á orsökum umferðarslysa á Reykjanesbraut frá því brautin var tekin í notkun? Ef svo er, hverjar eru þá taldar orsakir slysa þar sem orðið hafa meiðsl á fólki, sundurgreint eftir árum?*
4. *Hverjar hafa verið orsakir alvarlegustu slysanna?*
5. *Hver er tíðni slysa og umferðaróhappa á Reykjanesbraut borið saman við aðrar helstu umferðaræðar sem talist geta sambærilegar?*
6. *Hver eru áform löggæsluyfirvalda til að tryggja að virtar séu hraðatakmarkanir á Reykjanesbraut og hefur í því sambandi verið rætt um notkun löggæslumyndavéla?*

Ekki var unnt að afla allra þeirra upplýsinga sem óskað er eftir í fyrirspurninni en svarið byggist á þeim gögnum sem til eru um Reykjanesbrautina. Upplýsinga var aflað hjá Umferðarráði en myndrit og upplýsingar þaðan um banaslys á Reykjanesbraut eru talsvert ítarlegri en um var beðið. Vísað er til fylgiskjals varðandi svör við 1.–5. lið fyrirspurnarinnar.

Nú þegar hefur verið komið á samstarfi milli lögreglustjóranna í Keflavík, á Keflavíkurlflugvelli og í Hafnarfirði um öflugt eftirlit sem þessi þrjú embætti skipta á milli sín á Reykjanesbrautinni. Í undirbúningi er að koma á samstarfi milli Vegagerðarinnar og ríkislögreglustjóra um aðgerðir til að ná niður umferðarhraða, m.a. með fjölgun löggæslumyndavéla.

Gerð hafa verið drög að árangursstjórnunarsamningi á milli Vegagerðarinnar, ríkislögreglustjóra og hlutaðeigandi lögreglustjóra á suðvesturhluta landsins, þ.m.t. á Reykjanesbrautinni. Samkvæmt honum er stefnt að því að þessir aðilar setji sér ákveðin mælanleg markmið um lækkun umferðarhraða á þessum vegum og að samningurinn gildi til eins árs í byrjun. Í upphafi átaksins fari fram nákvæmar mælingar á umferðarhraða, m.a. með löggæslumyndavélum, og það kannað hver sé óhindraður umferðarmeðalhraði á Reykjanesbrautinni. Leiðir að því markmiði að minnka umferðarhraða felist í því að störefla eftirlit lögreglunnar á brautinni með fjölgun lögreglubíla, fjölgun lögreglumanna í eftirliti og með kaupum á löggæslumyndavélum og að sekta öikumenn sem mælast yfir hámarkshraða. Eftirlit Vegagerðarinnar yrði einnig eftt samhliða aukinni tækjavæðingu, svo sem með sjálfvirkum tækj-

um til að mæla hraða og telja ökutæki og með bifreiðum við vegaeftirlit. Stefnt er að því að mælanlegur árangur komi fram í minni meðalhraða á fyrrgreindum vegum, en ljóst er að stunda verður reglulegar og kerfisbundnar mælingar á umferðarhraða á samningstímabilinu. Með minni umferðarhraða eru verulegar líkur á að umferðarslysum fækki.

Á næstunni skilar nefnd um endurskoðun umferðarlaga, sem dómsmálaráðherra skipaði sl. haust, tillögum sínum. Meðal þess sem þar er til umfjöllunar er umtalsverð hækkun sekta og sjóður sem þær renna í að hluta til þess að standa undir aukinni umferðarlöggæslu.

Fylgiskjal.

Umferðarráð:

Slys á Reykjanesbraut.

Heildarfjöldi slysa og umferðaróhappa á Reykjanesbraut frá því brautin var tekin í notkun

	Dauðaslys	Látnir	Slys m/ meiðslum	Eignatjón	Alls
1967	1	1			
1968	0	0	14	64	78
1969	1	1	7	51	59
1970	1	1	13	82	96
1971	1	2			
1972	1	2			
1973	3	4			
1974	2	2			
1975	2	2			
1976	1	1			
1977	3	3			
1978	2	2			
1979	2	2			110
1980	0	0			89
1981	1	2			90
1982	2	3			104
1983	1	1			136
1984	2	2			144
1985	1	1			137
1986	1	1			154
1987	1	1			210
1988	1	2			171
1989	1	1			146
1990	0	0			125
1991	4	5			121
1992	0	0	19	70	89
1993	0	0	43	68	111
1994	1	1	31	50	82
1995	0	0	24	62	86
1996	1	1	24	57	82
1997	0	0	30	44	74
1998	0	0	16	56	72
1999	2	2	34	71	107
2000	4	6			
Alls	43	52	221	478	2440

01.03.88 hófst
notkun tjonatilkynninga

Árið 1992 er byrjað að skrá nákvæmar upplýsingar um hvert tilvik þ.á m. staðsetningu.

Tölur fyrir árin 1968-1970, sem birtar eru í töflunni hér að ofan eru úr skýrslu sem Jón Rögnvaldsson verkfræðingur gerði árið 1971 fyrir Umferðarráð um slys á Reykjanesbraut.

Tölur fyrir árin 1979 - 1991 eru fengnar úr skýrslu Vegagerðarinnar um slys á þjóðvegum en ekki liggur fyrir sundurliðuð skipting milli slysa með meiðslum og eignatjónsóhappa á því tímabili.

Tölur fyrir árin 1992 - 1999 eru teknar úr Slysaskráningarkerfi Umferðarráðs en 1. janúar 1992 hóf Umferðarráð að skrá allar skýrslur sem lögregla gerir um slys með meiðslum og eignatjónsóhöpp.

a) innan höfuðborgarsvæðis að Krisuvíkurvegi

	Dauðaslys	Slys m/ meiðslum	Eignatjón	Alls
1967	0			
1968	0			
1969	0			
1970	0			
1971	0			
1972	0			
1973	1			
1974	0			
1975	1			
1976	0			
1977	1			
1978	1			
1979	0			19
1980	0			18
1981	1			17
1982	0			18
1983	0			36
1984	1			55
1985	0			54
1986	0			38
1987	0			76
1988	0			53
1989	0			49
1990	0			43
1991	2			47
1992	0	7	44	51
1993	0	15	26	41
1994	1	14	31	46
1995	0	13	27	40
1996	0	9	24	33
1997	0	9	30	39
1998	0	8	39	47
1999	2	20	47	69
2000	2			
Alls	13	95	268	889

01.03.88 hófst notkun tjónatilkynninga

Tölur fyrir árin 1979 - 1991 eru fengnar úr skýrslu Vegagerðarinnar um slys á þjóðvegum en ekki liggur fyrir sundurliðuð skipting milli slysa með meiðslum og eignatjónsþátta á því tímabili.

Tölur fyrir árin 1992 - 1999 eru teknar úr Slysaskráningarkerfi Umferðarráðs en 1. janúar 1992 hóf Umferðarráð að skrá allar skýrslur sem lögregla gerir um slys með meiðslum og eignatjónsþátta.

b) frá Krisuvíkurvegi til Keflavíkur

	Dauðaslys	Slys m/ meiðslum	Eignatjón	Alls
1967	1			
1968	0			
1969	1			
1970	1			
1971	1			
1972	1			
1973	2			
1974	2			
1975	1			
1976	1			
1977	2			
1978	1			
1979	2			91
1980	0			71
1981	0			73
1982	2			86
1983	1			100
1984	1			89
1985	1			83
1986	1			116
1987	1			134
1988	1			118
1989	1			97
1990	0			82
1991	2			74
1992	0	12	26	38
1993	0	28	42	70
1994	0	17	19	36
1995	0	11	35	46
1996	1	15	33	49
1997	0	21	14	35
1998	0	8	17	25
1999	0	14	24	38
2000	2			
Alls	30	126	210	1551

01.03.88 hófst notkun tjónatilkynninga

Tölur fyrir árin 1979 - 1991 eru fengnar úr skýrslu Vegagerðarinnar um slys á þjóðvegum en ekki liggur fyrir sundurliðuð skipting milli slysa með meiðslum og eignatjónsóhappa á því tímabili.

Tölur fyrir árin 1992 - 1999 eru teknar úr Slysaskráningarkerfi Umferðarráðs en 1. janúar 1992 hóf Umferðarráð að skrá allar skýrslur sem lögregla gerir um slys með meiðslum og eignatjónsóhöpp.

Meiðsl á fólki - sundurgreint eftir árum

	Látnir		Mikið slasaðir		Lítið slasaðir		Alls	
	belti	ekki belt	belti	ekki belt	belti	ekki belt	belti	ekki belt
1967								
1968								
1969								
1970								
1971								
1972								
1973								
1974								
1975								
1976								
1977								
1978								
1979								
1980	0	0						
1981	0	0						
1982	1	2						
1983	0	1						
1984	0	1						
1985	0	1						
1986	0	1						
1987	0	1						
1988	2	0						
1989	1	0						
1990	0	0						
1991	1	2						
1992	0	0	4	0	21	1	25	1
1993	0	0	17	4	43	6	60	10
1994	0	1	5	1	31	8	36	10
1995	0	0	0	2	30	14	30	16
1996	1	0	2	1	26	4	29	5
1997	0	0	8	3	36	3	44	6
1998	0	0	5	2	27	0	32	2
1999	0	0	12	0	43	1	55	1
2000	4	2						
Alls			53	13	257	37	311	51

Tölur fyrir árin 1992 - 1999 eru teknar úr Slysaskráningarkerfi Umferðarráðs en 1. janúar 1992 hóf Umferðarráð að skrá allar skýrslur sem lögregla gerir um slys með meiðslum og eignatjónsöhöpp.

Til viðbótar ofanskráðu skal nefnt að:

ekki er vitað um notkun öryggisbúnaðar hjá ökumanni og farþega bíthjóls sem létust árið 1981

ekki er vitað um notkun öryggisbúnaðar hjá einum vegfaranda sem lést árið 1984.

ekki er vitað um notkun öryggisbúnaðar hjá einum vegfaranda sem lést árið 1991.

árið 1999 létust tveir vegfarendur á Reykjanesbraut, báðir gangandi.

01.03.88 hófst notkun tjónatilkynninga sem hafði í för með sér að tilvikum sem tilkynnt voru til lögreglu fækkaði verulega.

Samanburður á slysatíðni á Reykjanesbraut og Hringvegi milli Reykjavíkur og Selfoss og Reykjavíkur og Borgarness

(Ath. tölurnar í töflunni hér að neðan eru hrátölur og því óháðar umferð)

	Reykjanesbraut		Suðurlandsvegur		Vesturlandsvegur	
	Slys	Óhöpp	Slys	Óhöpp	Slys	Óhöpp
1967						
1968						
1969						
1970						
1971						
1972						
1973						
1974						
1975						
1976						
1977						
1978						
1979		110		35		87
1980		89		38		77
1981		90		35		79
1982		104		58		86
1983		136		68		74
1984		144		59		125
1985		137		54		116
1986		154		66		108
1987		210		73		185
1988		171		69		175
1989		146		69		80
1990		125		54		90
1991		121		75		92
1992	19	70	25	49	41	79
1993	43	68	51	30	27	70
1994	32	50	37	22	45	73
1995	24	62	30	12	44	74
1996	25	57	52	23	33	88
1997	30	43	54	19	32	75
1998	16	56	48	17	29	38
1999	36	71	73	35	27	55
2000						
Alls	225	2214	370	960	278	1926

Tölur fyrir árin 1979 - 1991 eru fengnar úr skýrslu Vegagerðarinnar um slys á þjóðvegum en ekki liggur fyrir sundurliðuð skipting milli slysa með meiðslum og eignatjónsókappa á því tímabili.

Tölur fyrir árin 1992 - 1999 eru teknar úr Slysaskráningarkerfi Umferðarráðs en 1. janúar 1992 hóf Umferðarráð að skrá allar skýrslur sem lögregla gerir um slys með meiðslum og eignatjónsókapp.

01.03.88 hófst notkun tjónatilkynninga sem hafði það í för með sér að tilvikum sem tilkynnt voru til lögreglu fækkaði verulega.

Upplýsingar liggja ekki fyrir þar sem fletir eru skyggðir.


Orsakir slysa árin 1992 - 1999 þar sem ökumenn eða farþegar ökutækja slösuðust mikið

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	Alls:
Stöðvunarskylda ekki virt	0	1	0	0	0	1	0	0	2
Ekið gegn rauðu ljósi	0	1	0	1	1	1	0	2	6
Hægri regla ekki virt	0	6	1	0	0	1	1	4	13
Of stutt bíl milli bifreiða	0	1	1	0	0	0	0	2	4
Ógætilegur framúrakstur	0	1	1	0	0	0	2	3	7
Ekið á röngum vegarhelmingi	0	0	0	0	1	0	1	0	2
Of hraður akstur	0	2	0	0	0	1	0	0	3
Ökutæki áfátt	0	1	0	0	0	0	0	0	1
Slæm færð	0	4	1	0	0	1	1	0	7
Ökumaður (gáleysi)	5	1	1	1	1	5	1	0	15
Ölvun við akstur	0	0	0	0	0	0	1	1	2
Ökumaður hverfur af vettvangi	0	0	0	0	0	1	0	0	1
Sofnað við stýrið	0	1	1	0	0	0	0	0	2
Alls	5	19	6	2	3	11	7	12	65


(Tildrög banaslysa er að finna í meðfylgjandi súluriti)

Vegna þriðja töluliðar í fyrirspurninni skal tekið fram að ekki hefur farið fram greining á umferðarslysum á Reykjanesbraut frá því að hún var tekin í notkun. Eins og fram hefur komið hér að framan var það fyrst árið 1992 sem farið var að skrá nákvæmlega upplýsingar um umferðarslys og óhöpp á Íslandi þ.m.t. staðsetningar og orsök. Fram að þeim tíma eru ekki til nákvæmar upplýsingar um umferðarslys og umferðaróhöpp á Reykjanesbraut.


**Látnir í umferðarslysum
á Reykjanesbraut 1967-30.11.2000**




**Fjöldi látinna í umferðarslysnum á Reykjanesbraut 1967-30.11.2000
Slysstaður**




Fjöldi látinna í umferðarslysum á Reykjanesbraut 1967 - 30.11.2000
Skipting eftir kyni



**Fjöldi látinna í umferðarslysum á Reykjanesbraut 1967 - 30.11.2000
Skipting í vegfarendahópa**



Fjöldi látinna í umferðarslysum á Reykjanesbraut 1967 - 30.11.2000
Skipting eftir aldri



Fjöldi látinna í umferðarslysum á Reykjanesbraut 1967-30.11.2000
Skipting eftir árum

